

Skólaráðsfundur 22. janúar 2026

Mætt: Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hulda Hauksdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir fulltrúar fagfólks, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsfólks, Stefan C. Hardonk og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúar foreldrafélags Njarðvíkurskóla og Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Karen Ósk Lúthersdóttir og Vilberg Eldon Logason fulltrúar nemenda voru forfölluð.

1. Skólastjóri fór yfir fjárhag skólans, bæði launakostnað og almennan rekstrarkostnað.
2. Skólastjóri fór yfir hvað er áætlað að fara í varðandi viðhald á skólahúsnæði á næstunni:

- Mál innanhús
- Led lýsing aukin innanhús
- Endurnýja vatnslögn
- Uppfæra kennslurými
- Skipta um þak á suðurinngangi
- Hljóðvist á kaffistofu
- Skipta um gólfefni á nýja starfsmannarýminu
- Bæta lýsingu á aðalbyggingu úti
- Hönnunarvinna á stækkun Njarðvíkurskóla

Eins hefur verið óskað eftir svörum varðandi áform er tengjast framkvæmdum á skólalóð. Mikilvægt að skoða hvað er hægt að gera á biðtíma.

Rætt um hvort hægt sé að hvetja til þess að fleiri ganga í skólann, bæði nemendur og starfsfólk.

3. Önnur mál:

- Kristbjörg spurði hvort hægt væri að nýta aðstöðu í íþróttahúsi fyrir nemendur – búið að vera í umræðunni en ýmis praktísk atriði sem hindra það.
- Stefan spurði um hvort það væri á plani að það yrði líka boðið uppá viðveru félagsmiðstöðva í Njarðvíkurskóla eins og í Háaleiti, Akur- og Stapaskóla. Rafn svaraði að það er á dagskrá þegar fjármagn fæst til þess.
- Rætt um hvernig foreldrafélagið gæti komið að því að ýta eftir aðgerðum við framkvæmdum. Hilma ræddi um skoða bílastæðin fyrir neðan skruðgarðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið. Á næsta fundi verður meðal annars farið í skóladagatal næsta skólaárs.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla